

ÁTAKSVERKEFNI GEGN SKÓLAFORÐUN

Grunnskóli Húnaþings vestra og Fjölskyldusvið Húnaþings vestra.



Helstu ástæður:

- Líðan í skóla
- Félagsfærni
- Námsgeta
- Aðrir þættir í umhverfi barns og/eða fjölskyldu

Helstu einkenni:

- Barnið reynir að komast hjá því að mæta í skólann eða mætir iðulega seint
- Fjarvistir á ákveðnum dögum
- Barnið biður iðulega um að fá að hringja heim eða fara heim á miðjum skóladegi
- Depurð, kvíði, pirringur, svefntruflanir og einbetingarskortur
- Barnið segist vera veikt án þess að bera þess merki

Reglusemi og rútína

snemma á ævinni byggir upp reglusemi seinna á ævinni og styður við seiglu og getuna til þess að standa undir kröfum daglegs lífs.

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma.

(Kearney, Albano 2007).

Snemmtæk íhlutun og samvinna heimilis og skóla gegnir lykilatriði þegar við vinnum með skólaforðun. Margir foreldrar falla í þá gryfju að gefa eftir þegar börn þeirra sýna fælni gagnvart skóla sem er mannlegt þar sem við viljum vera góð við börnin okkar og vernda þau.

Stundum á slíkt rétt á sér ef að vandi barnsins lýsir sér í erfiðleikum í skóla hvort sem er af námslegum eða félagslegum toga sem þá ber að leysa. Ef barnið forðast skólann af öðrum orsökum er mikilvægt að styðja við barnið eftir þörf og að foreldrar aðstoði barnið við að takast á við fælnina eða flóttahegðunina. Hvert og eitt mál er einstakt og þarf að vinna í eftir greiningu á vanda hvers barns.

Forsenda náms er vellíðan í skóla og mikilvægt að foreldrar og kennarar séu vakandi yfir þáttum í fari barna og unglunga sem bent gætu til þess að ástæða sé til að grípa inn í, áður en að vandi verður til eða vindur upp á sig.

Það er til mikils að vinna að ná fyrir vandann áður en hann verður alvarlegur og langvinnur og hefur mögulega langvarandi áhrif á þroska og framtíðarmöguleika barnsins eða unglingsins. Lang oftast er hægt að snúa þróun við með léttvægum aðgerðum og ráðleggingum þegar tekið er snemma á mögulegum vanda.





Nýtt verklag með áherslu á snemmtæka íhlutun

Skólaskylda og grunnskólalög leggja þá ábyrgð á herðar foreldra að sjá til þess að börn þeirra og unglingar mæti í skóla. Vinnum saman að því að halda fjarvistum í algjöru lágmarki.

Prep 1

Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga / 70 kennslustundir (veikindi, leyfi, óheimil fjarvist) á skólaárinu.

- Umsjónarkennari sendir bréf til foreldra og lætur ráðgjafa á fjölskyldusviði vita sem hefur samband við foreldra og fer yfir málin.

Prep 2

Ef nemandinn er með fleiri en 15 forfalladaga / 105 kennslustundir (veikindi, leyfi, óheimil fjarvist) á skólaárinu.

- Umsjónarkennari boðar foreldra á fund með ráðgjafa frá fjölskyldusviði ef skýringar á fjarvistum eru ekki eðlilegar og áhyggjur eru af náms- eða félagsstöðu nemanda. Ráðgjafi vinnur með foreldrum í framhaldinu. Ef ástæða fjarvista eru endurtekin veikindi eða annað sem heyrir undir skólahjúkrunarfræðing er hann kallaður inn í samstarf.

Prep 3

Ef nemandinn er með fleiri en 20 forfalladaga / 140 kennslustundir (veikindi, leyfi, óheimil fjarvist) á skólaárinu.

- Ráðgjafi frá fjölskyldusviði tekur yfir málið og boðar foreldra á fund ásamt umsjónarkennara. Málið tekið fyrir í nemendaverndaráði. Ráðgjafi heldur áfram að vinna með foreldrum í samvinnu við umsjónarkennara.

Prep 4

Ef nemandinn er með fleiri en 25 forfalladaga / 175 kennslustundir (veikindi, leyfi, óheimil fjarvist) á skólaárinu.

- Ráðgjafi á fjölskyldusviði fundar með umsjónarkennara og skólastjórnanda. Foreldrum gert grein fyrir að málinu sé vísað til Barnaverndanefndar. Ráðgjafi vinnur áfram með foreldrum og leitar leiða til að koma í veg fyrir fleiri fjarvistir.